

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Vopnafjarðarhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag fyrir íþróttasvæði á Vopnafirði.*

Skipulagssvæðið er um 7 ha að stærð, á hæðinni ofan og utan við núverandi byggð og er í eigu Vopnafjarðarhrepps.

Í dag er á svæðinu nýlegur keppnisvöllur sem afmarkast af háum girðingum norðan og sunnan megin. Í norðausturhorni vallarins eru náttúrulegir klettir sem nýtast sem áhorfendastúkur á stærri leikjum. Bráðabirgðahúsnaði fyrir Ungmennafélagið Einherja er staðsett austan við klettana. Austan við keppnisvöllinn eru eldri æfingavellir. Akfær malarstígur liggur að svæðinu úr norðri og suðri, og þangað liggja gönguleiðir úr byggðinni.

Samþykkt í hreppsnefnd 6. september 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Vopnafirði, 24. september 2018.*

**Sigurður Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. október 2018